

Reglur um listaverk í eigu Fjarðabyggðar

Í fjárhagsáætlun hvers árs skal áætla ákveðið fjármagn til kaupa á listaverkum og viðhalds listaverka. Listaverkæign Fjarðabyggðar er fjölbreytt og endurspeglar gildi og menningarsögu samfélagsins og þá listsköpun sem á sér stað í Fjarðabyggð. Reynt skal eftir fremsta megni að styðja við lista- og handverksfólk sem býr í Fjarðabyggð, hefur sterk tengsl við sveitarfélagið eða hefur sýnt eljusemi í að halda uppi skapandi starfsemi í sveitarfélaginu. Leitast skal við að verk í eigu Fjarðabyggðar séu aðgengileg almenningi, að staðaldri eða á tímabundnum sýningum þar sem við á.

1. gr.

Listaverk sem er á listaverkaskrá Fjarðabyggðar eða hefur verið mótttekið með samningi, telst vera eign Fjarðabyggðar. Öll listaverk í eigu sveitarfélagsins skulu merkt greinlega og vera skráð í gagnagrunn.

2. gr.

Með listaverkum er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, myndvefnað, minnisvarða og aðra listræna fegrun. Þá getur listaverk verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og órjúfanlegur hluti af byggingu eða umhverfi hennar.

3. gr.

Listaverk í eigu sveitarfélagsins skulu vera í góðu ásigkomulagi og varðveitt við viðeigandi skilyrði. Haldið skal utan um helstu upplýsingar um verkin (höfundur, ár, efni eða aðferð) og bakgrunn þeirra.

4. gr.

Vandað skal til verka við val á staðsetningu og uppsetningu verka, þannig að þeirra megi njóta sem best.

5. gr.

Sveitarfélagið reynir eftir fremsta megni að koma því þannig við, að opinberar gjafir, eða gjafir gefnar af sveitarfélaginu eigi uppruna sinn í Fjarðabyggð, styðji við skapandi starfsemi í sveitarfélaginu eða hafi skýra vísun í samfélagið í Fjarðabyggð.

6. gr.

Samantekt um forgangs röðun viðhalds skal gerð og gagnagrunnur listaverkæignar yfirfarinn af menningar- og safnanefnd og uppfærð annað hvert ár. Þá skal taka fyrir möguleg skil á verkum, sölu eða eyðingu verka.



7. gr.

Reynt skal eftir fremsta megni, að fegra byggingar og stofnanir sveitarfélagsins og umhverfi þeirra með listaverkum.

8. gr.

Listaverkaráð metur og gerir tillögu um móttöku nýrra listaverka. Eftirtaldir fimm einstaklingar sitja í listaverkaráði: Forstöðumaður menningarstofu, forstöðumaður safnastofnunar, tveir fulltrúar frá menningar- og safnanefnd, einn frá meirihluta og einn frá minnihluta samkvæmt tilnefningu nefndarinnar, ásamt formanni eigna- skipulags- og umhverfisnefndar. Álit listaverkaráðs skal ávallt leggja fyrir menningar- og safnanefnd til ákvörðunar.

9. gr.

Áður en listaverkaráð fjallar um verk, skal menningarfulltrúi vinna kostnaðargreiningu á framleiðslu, flutningi, frágangi og uppsetningu verks.

10. gr.

Listaverkaráð leitar faglegrar ráðgjafar eftir því sem það telur nauðsynlegt í hverju tilviki.

11. gr.

Áður en Fjarðabyggð tekur við verkum, með eða án skilyrða, sem gjöf, gegn gjaldi eða án gjalds, skal verkið tekið út af listaverkaráði. Listaverkaráð skal skila umsögn með rökstuðningi fyrir vali eða höfnun á verki og leggja fyrir menningar- og safnanefnd til afgreiðslu. Öllum listaverkum sem sveitarfélaginu hlotnast að gjöf skal fylgja gjafabréf, sem lagt skal fyrir listaverkaráð til umsagnar. Fylgi gjafabréf ekki með gjöf skal minnisblað útbúið af forstöðumanni menningarstofu. Fylgi gjöf kvaðir, áskilur Fjarðabyggð sér rétt til að skoða hvert tilvik sérstaklega.

12. gr.

Áður en gengið er frá móttöku á útilistaverki skal liggja fyrir umsögn eigna- skipulags- og umhverfisnefndar.

13. gr.

Áður en listaverk er mótttekið, skal skrifað undir samning þar sem fram komi a.m.k. eftirfarandi:

- Skyldur sveitarfélagsins gagnvart verkinu, varðveislu þess og viðhaldi.
- Réttindi og skyldur listamannsins gagnvart verkinu og uppsetningu þess.

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Jón Þór', is located in the bottom right corner of the page.

- Hvernig verkið er uppsett, hver staðsetning þess er og hvort það megi flytja eða hvort einhverjar takmarkanir eru á flutningi þess.
- Hve langan tíma sveitarfélagið tekur að sér vörslu á verkinu og ber ábyrgð á því.
- Ef verkið er afhent Fjarðabyggð tímabundið, komi fram hvernig verkinu skal komið aftur í hendur höfundar.
- Ef um lán eða leigu er að ræða skal tiltaka hver sér um flutning og tryggingar á verkum.
- Ákvæði um notkun, eftirmyndun eða eftirgerð listaverks.

14. gr.

Óheimilt er að flytja listaverk varanlega úr byggingu eða úr almenningsrými, selja það eða eyða því, nema að fenginni umsögn listaverkaráðs.

15. gr.

Heimilt er að fenginni umsögn listaverkaráðs að selja listaverk úr eigu sveitarfélagsins, liggi fyrir því skýr rök og í því skyni að kaupa annað verk sem passar betur inn í eignasafn sveitarfélagsins, eða falli betur að eign þeirri, sem prýða á.

16. gr.

Tækifærisgjafir sem sveitarfélaginu hlotnast, m.a. í tengslum við vinabæjasamskipti, skulu vera skráðar á þar til gert eyðublað og í listaverkaskrá ef það á við.

17. gr.

Sveitarfélagið getur tekið við verkum til láns og haft þau til varðveislu. Slíkum verkum skal ávallt fylgja samningur þar um.

18. gr.

Sveitarfélagið getur lánað listaverk tímabundið til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna.

19. gr.

Höfundur verks á rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar og fá aðgang að verki sínu til fjölföldunar og útgáfu, sé slíkt framkvæmanlegt, tímasetning skarist ekki á við áætlanir Fjarðabyggðar og sé án kostnaðar fyrir sveitarfélagið.

20. gr.

Fjarðabyggð öðlast þann rétt sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenskum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu sem tekin er fram í samningi um móttöku verks.

21. gr.

Fjarðabyggð hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum í eigu eða vörslu sveitarfélagsins.

22. gr.

Fjarðabyggð hefur rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar listaverka í eigu eða vörslu sveitarfélagsins skv. ákvæði í samningi um verk, svo sem til skrásetningar, til kynningar á sveitarfélaginu eða á viðburðum á vegum þess og til birtingar í hverskyns kynningarefni, með samþykki höfundaréttarhafa í samræmi við höfundalög.

23. gr.

Reglur þessar skulu ávallt kynntar höfundum listaverka áður en skrifað er undir samning um móttöku verks og skal koma fram í samningi að reglur hafi verið kynntar.

24. gr.

Hafi Fjarðabyggð eða stofnanir sveitarfélagsins frumkvæði að kaupum eða gerð listaverka, sbr. 2. gr., skal taka mið af reglum þessum.

Reglur þessar skulu yfirfarnar og endurskoðaðar fyrir árslok 2018 og framvegis á tveggja ára fresti.

Fjarðabyggð 12. janúar 2018


Páll Björgvin Guðmundsson



Samþykkt í menningar- og safnanefnd 3. janúar 2018.

Samþykkt í bæjarráði 8. janúar 2018.

Samþykkt í bæjarstjórn 11. janúar 2018.